

# Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 23

Dags: 04.10.2023

Fundur númer: 211

Mættir: Hilmar, Ágústa, Marinó, Valdimar, Sigtryggur (aðalmenn), Emil (varamaður) og Ben (framkvæmdarstjóri).

Hilmar sá um að rita niður fundargerð.

## 1. Haust dagskrá

1. Sumarnámskeið gekk vel.
  2. Nýjung að engar barnaæfingar eru á föstudögum.
  3. Eitt stórmót, bikarmót 21-22 október haldið í Laugardalshöll. Keppnisveggur settur upp á föstudegi. Skemmtimót á laugardegi eftir undanúrslit og svo úrslit í Laugardalshöll. Undirbúningur fyrir RIG. ÍBR greiðir fyrir afnot af Höllinni (25þkr á tímann).
  4. Línuklifurmót í Björk helgina 7. – 8. október á vegum KÍ og starfsmenn frá KFR fara í það verkefni.
  5. Kaupa þarf gám fyrir keppnisvegginn.
  6. Skipting á því hvernig hópar æfa og reynsla að koma á að vera með aðstöðu á tveimur stöðum.
2. Tilboð í Kilterboard - kostnaður 8,2mkr með VSK, með ljós, flutning.
  3. Fengum tilboð í loftræstikerfi - ClimbLab.dk. 2,8 millj. + sendingarkostnaður + vsk.
  4. Erum að sækja um styrki hjá Borgarsjóð, Rannís og fleirum og hefur Benedikt séð um það.
  5. Varðandi heilbrigðisúttekt fyrir lokaúttekt þá vantar bara skýrslu úr brunakerfi og eldvarnarskýrslu. Enn á eftir að laga þær úttektir sem stóðu útundan síðan í sumar.
  6. Eik er búið að laga þaklekann. Þurfum að ræða við þá vegna tafa útaf eldvarnarúttekt. Þeir munu endurgreiðsla umsýslugjald vegna rafmagns og vatnsgjalda frá mars 2023 eftir að félagið sótti um að það yrði flutt yfir á sig.
  7. Fá samantekt á rekstri á sumarnámskeiði - fá næsta fund.
  8. Fyrir næsta fund, þá þarf að fjárhagsáætlun - eftir 15. nóvember.
  9. Jólagjafir - við áætluðum við í fjárhagsáætlun.
  10. Leiðarsmiður kemur - fyrir bikarmót - verið að undirbúa herbergi niðri fyrir gistingu.

11. Leva Luna - hafa námskeið í yoga? Fá hana yfir helgi, greiða fyrir flug og min 650 pund fyrir tekjur.
12. Losa og Brosa - námskeið í yoga ? Viljum við fá utanaðkomandi til að kenna hér og fá tekjurnar?
13. Þarf að setja upp bolareglu? Hvernig væri að útbúa síðareglur? Sjá hvernig það er í Sharma  
Boulder Gym - 3 myndir með í tölvupósti.
14. Undirbúa partý fyrir opnun í Á21 þegar rekstrarleyfi er komið.